

44. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
nordur- og austurumdæminu, um styrktarsjóð
handa fátækum ekkjum og munaðarlausum börnum á
Akureyri og í Eyjafjarðarsýslu.

1866.
14. maí.

Útaf því að þér, herra amtmaður, í bréfi dagsettu 28. janúarmán. f. á., hafði bannað stjórn styrktarsjóðsins handa fátækum ekkjum og munaðarlausum börnum á Akureyri og í Eyjafjarðarsýslu að borga neinn styrk, fyr en amtið hefir samþykkt hann, hefir stjórn sjóðsins í skjali, er hingað hefir borizt beina leið, spurt um, hvort stofnunarskráin, dagsett 23. septembermán. 1787, veiti yður heimild til þessa. Eptir að stjórnarráðið í bréfi 30. ágústmán. f. á. hafði beiðzt álits yðar um málefni þetta, hafði þér í bréfi dagsettu 24. janúarmán. þ. á. skotið því til úrskurðar dómsmálastjórnarinnar, og getið þess, að þér ekki fáið betur sæð, en að þér samkvæmt nr. 4 í stofnunarskránni 23. septembermán. 1787, smbr. reglugjörð 8. janúarmán. 1831 6. kap. 19. gr., hafði fulla heimild til að skipa svo fyrir, eins og þér hafði gjört, og að það sæ alveg nauðsynlegt, að farið sæ að eins og þér hafði lagt fyrir, ef nokkur umsjón eigi að vera.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að eptir því sem segir í nr. 5 í stofnunarskránni, en þar er stjórn sjóðsins veitt heimild til að verja fènu eptir beztu sannfæring samkvæmt reglum þeim, sem að öðru leyti eru settar í stofnunarskránni, fær dómsmálastjórnin ekki betur sæð, en að þér, herra amtmaður, ekki hafði heimild til að heimta, að stjórnin leggi fyrir yður uppástungu um, hverjum eigi að veita fjárstyrk úr sjóði þessum. Þar á móti á amtið að eins að sjá um, að stjórnin, þá er hún útbýtir styrknum, ekki breyti á móti reglum þeim, sem settar eru í stofnunarskránni, og ef svo er, þá að skipa henni það sem þörf er á í því efni, eða ef amtinu finnst það vafasamt, þá að skjóta spurningunni til úrskurðar stjórnarráðsins.